

## Stjórnarfundur 292

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
14.11.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 292</a>
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:48	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson (í fjarfundi) Hilda Jana Gísladóttir Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi		
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu forstjóra, sat fundinn undir 2. lið.		

---

- 1. Eimur - starfsemi og áherslur**
- 2. Styrkjamál**
- 3. Styrkir - Eimur og Vistorka**
- 4. Bókun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar 26. október 2023**
- 5. Mögulegur skortur á heitu vatni í vetur**
- 6. Fallorka ehf. Framtíð félagsins**
- 7. Önnur mál**

## 1. Eimur - starfsemi og áherslur

Nýráðinn framkvæmdastjóri Eims, Ottó Elíasson, kynnir starfsemi og áherslur Eims, sérstaklega með tilliti til verkefna fyrir og í samstarfi með Norðurorku hf.

***Framkvæmdastjóri Eims komst ekki á fundinn og málinu frestað.***

## 2. Styrkjamál

Skrifstofustjóri skrifstofu forstjóra fór yfir styrkjaflokka sem koma til umræðu og afgreiðslu á stjórnarfundum í desember.

***Til kynningar.***

## 3. Styrkir - Eimur og Vistorka

Árlegt fjárframlag Norðurorku til Vistorku hefur verið 18,3 milljónir króna. Vistorka er ehf. 100% í eigu Norðurorku hf.

Árlegt fjárframlag Norðurorku hf. til Eims hefur verið 15 milljónir króna. Aðrir bakhjarlar Eims eru SSNE, Landsvirkjun, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Orkuveita Húsavíkur. Á 287. fundi samþykkti stjórn að styrkja Eim til þriggja ára. Gera skal samning þar um sem m.a. felur það í sér að Eimur kynnir verkefni og framgang þeirra á 6 mánaða fresti. Sá samningur hefur ekki verið gerður. Stjórn Norðurorku hf. ræddi framhald ofangreindra styrkja.

***Málinu frestað.***

## 4. Bókun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar 26. október 2023

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar ræddi fundargerð 289. fundar stjórnar Norðurorku á fundi sínum 26. október 2023. Í bókun sveitarstjórnar kemur m.a. fram að ekki hefur borist formlegt erindi frá stjórn Norðurorku hf. um það hvort bjóða eigi sveitarfélaginu kaup á hlut þess í félaginu eða fyrirspurn um það hvort sveitarfélagið beri ekki traust til þess.

***Meirihluti stjórnar, Hlynur Jóhannsson, Geir Kristinn Aðalsteinsson og Þórhallur Jónsson, felur forstjóra að senda sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar erindi og bjóðast til að kaupa hlut sveitarfélagsins í Norðurorku hf. beri sveitarfélagið ekki traust til félagsins.***

***Minni hluti stjórnar, Hilda Jana Gísladóttir og Sif Jóhannesar Ástudóttir, taka ekki undir bókunina.***

***Hilda Jana Gísladóttir og Sif Jóhannesar Ástudóttir, ásamt Þórunni Sif Harðardóttur áheyrnarfulltrúi óska bókað "Það er fullkomlega eðlilegt að eigendur, eða sveitarfélag fyrir hönd notenda, óski eftir samtali við stjórn Norðurorku er varða þeirra hagsmuni. Þegar slík beiðni berst, ætti hún að vera lögð fyrir stjórn. Stjórn ætti að bregðast jákvætt við slíku erindi, vera reiðubúin að eiga uppbyggilegt samtal og veita svör við þeim spurningum sem berast. Meirihluti stjórnar hefði nú átt að draga til baka fyrri ákvörðun sína um að bjóðast til að kaupa hlut Eyjafjarðarsveitar í Norðurorku."***

## 5. Mögulegur skortur á heitu vatni í vetur

Forstjóri greindi frá áhyggjum starfsfólks af því að ekki verði hægt að anna eftirspurn eftir heitu vatni ef veturinn verður kaldur. Undanfarna vetur hefur Norðurorka hf. þurft að keyra tvær stórar varmadælar til að geta annað eftirspurn á heitu vatni og það hefur varla dugað til. Framundan er vetur og staðan í hitaveitunni hefur ekki batnað. Ef við fáum kaldan vetur eru líkur á því að kerfið muni ekki anna eftirspurn þrátt fyrir varmadælurnar. Norðurorka á stóran olíuketil sem hægt er að gangsetja til að framleiða heitt vatn. Því fylgir mikil mengun og sóun. Ketillinn brennir 27 þúsund ltr. af svartolíu á sólarhring! Það er mat Norðurorku hf. að notkun ketilsins eigi ekki rétt á sér nema í neyð. Það er ljóst, ef ekki verður nægt heitt vatn á álagstímum í vetur, að þá verður að skerða heitt vatn til einhverra stórnotenda eins og t.d. upphitaðra útiþróttavalla og sundlauga.

***Til kynningar.***

## 6. Fallorka ehf. Framtíð félagsins

Guðmundur Freyr Hermannsson og Magnús G. Erlendsson hjá KPMG fara yfir verkefnið framundan við fýsileikakönnun varðandi sölu á söluhluta Fallorku. Af tæknilegum ástæðum tókst gestunum ekki að tengjast inn á fjarfund.

***Málinu frestað.***

## 7. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:48